

Nefnd um byggingu hjúkrunarheimilis á Ísafirði 45. fundur.

Árið 2015, miðvikudaginn 15. maí kl. 10:30 kom nefnd um byggingu hjúkrunarheimilis á Ísafirði saman á hjúkrunarheimilinu Eyri á Ísafirði.

Mættir aðalmenn voru Sigurður Pétursson, formaður, Gunnhildur Elíasdóttir mætti í stað Magnúsar Reynis Guðmundssonar og Kristín Hálfðánsdóttir.

Jafnframt eru mættir, Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri og Jóhann Birkir Helgason sem ritaði fundargerð.

Þetta var gert:

1. Framvinduskýrsla fyrir maí 2015. 2011-12-0009.

Lögð fram framvinduskýrsla fyrir maí 2015. Skv. framvinduskýrslu er verkið tvær vikur á eftir áætlun. Gert er ráð fyrir að þessum áfanga ljúki 15. júní 2015.

Tilboðsupphæð verktaka er kr. 307.457.181,-, samþykktir hafa verið reikningar fyrir kr. 213.167.229,-. Alls hefur verið framkvæmt fyrir 68,77% af samningsupphæð.

Áætlaður lokakostnaður er 285 millj. sem skýrist af því að búið er að falla frá uppsetningu loftræsikerfis.

Jóhann Birkir fór yfir stöðu mála á framkvæmdum við frágang innanhúss.

Lagt fram til kynningar.

2. Búnaðarkaup 2011-12-0009.

Rætt um búnaðarkaup á hjúkrunarheimilið Eyri.

Ákveðið að kaupa rúm og náttborð í öll 30 rýmin. Jóhanni falið að senda nefndarmönnum áætlaðan kostnað á öðrum búnaði í heimilið.

3. Leigugreiðslur 2011-12-0009.

Rætt um verðbætur á leigugreiðslur. Skv samningi byrjar samningurinn ekki að verðbætast fyrr en húsið er tekið út af Framkvæmdasýslu ríkisins. En ekki frá undirskrift samnings. Gísli Halldóri bæjarstjóra falið að vinna í málinu.

4. Vettvangsferð með arkitektum

VA-arkitektar komu í heimsókn til Ísafjarðar, byggingarnefndin fór í vettvangsferð um Eyri með þeim. Rætt við Indro Indriða Candi eftir ferðina og menn á heildina litið ánægðir með hvernig til hefur tekist. Gert er ráð fyrir að Indro komi aftur í lokaúttekt 15. júní.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:05.

Sigurður Pétursson, formaður.

Gunnhildur Elíasdóttir

Kristín Hálfðánsdóttir.

Gísli Halldór Halldórsson
bæjarstjóri

Jóhann Birkir Helgason